

Alþingi  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík



Kópavogur 23. mars 2021

**Efni:** Umsögn IOGT á Íslandi um „frumvarp um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (heimabruddun).151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 809 — 480. mál.“<sup>[1]</sup>

**IOGT á Íslandi leggst eindregið gegn umræddu frumvarpi** og bendir á að samþykkt þess muni leiða til aukinnar áfengisneyslu í landinu. Það mun auka vanda sem neysla áfengis veldur en áfengi er engin venjuleg neysluvara.<sup>[2]</sup>

IOGT á Íslandi vitnar í fyrri umsagnir<sup>[3]</sup> <sup>[4]</sup> en vill bæta við að það er óheillaskref að taka niður forvarnir með þessum hætti. Margar árásir hafa verið gerðar á áfengislögin til að draga úr virkni þeirra undanfarin ár en samfélagið er sannarlega á móti því að auka neysluna. Þegar fjallað er um breytingar á áfengislögum eða forvörnum er eðlilegt að við köllum eftir lýðheilsuámati.

IOGT á Íslandi kallar eftir heildstæðri stefnu í málum sem varða áfengi og önnur vímuefni til að auka lýðheilsu í landinu og lýsir sig reiðubúin til að senda fulltrúa í slíka stefnumótun.

#### **Fyrir hönd Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi**

Biörn Sævar Einarsson Formaður

[1] <https://www.althingi.is/alttext/151/s/0809.html>

[2] [https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi\\_engin\\_venjuleg.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi_engin_venjuleg.pdf)

[3] <https://www.althingi.is/alttext/erindi/148/148-941.pdf>

[4] <https://www.althingi.is/alttext/erindi/150/150-1361.pdf>